

Umhverfis- og skipulagssvið Fjarðabyggðar
Aron Leví Beck
Hafnargötu 2
730 Reyðarfjörður

Reykjavík, 20. janúar 2023
UST202211-169/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Endurskoðun á deiliskipulagi fyrir Mjóeyrarhöfn í Fjarðabyggð

Vísað er til erindis ráðgjafa Fjarðabyggðar og skipulags- og umhverfisfulltrúa Fjarðabyggðar er barst 21. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Mjóeyrarhöfn í Fjarðabyggð.

Í erindinu kemur fram að þar sem gildandi deiliskipulag er komið til ára sinna og gerðar hafa verið þó nokkrar breytingar á því og vegna fyrirhugaðra viðamikilla breytinga á hafnarkanti og hafnarsvæðinu var tekin sú ákvörðun að endurskoða deiliskipulagið í heild sinni og fella eldra skipulag úr gildi.

Auk þess kemur fram að í tillögunni lengist hafnarkantur Mjóeyrarhafnar um 600 m til vesturs, athafnasvæði við hafnarkantinn eykst og lóðum fjölgar á stækkuðu hafnarsvæði til vesturs um leið og mörk deiliskipulagsins stækka til vesturs og norðurs.

Landfylling

Í greinargerð kemur fram að nýi samfelldi hafnarkantur Mjóeyrarbryggju og Framnesbryggju verður stálþilskantur sem liggur 600 m til vesturs frá því sem nú er og fyllt upp að honum með landfyllingu. Framan við stálþilið verður púði til stuðnings.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að ef gert er ráð fyrir opinni landfyllingu er um að ræða varp í hafið samkvæmt 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Umhverfisstofnun vekur athygli á að samkvæmt OSPAR samningnum um verndun hafrýmis Norðaustur-Atlantshafsins og 9. gr. laganna er varp efna og hluta í hafið óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að með umsókn um varp í hafið þurfa að fylgja upplýsingar samkvæmt viðauka I við leiðbeinandi reglur um meðferð dýpkunarefnis.

Í svari frá sveitarfélaginu segir að nota á um 120-130.000 m³ af dýpkunarefni úr Eskifjarðarhöfn í gerð landfyllingar. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að um sé að ræða ómengað dýpkunarefni sem notað er í landfyllinguna. Auk þess kemur fram að nýta á efni úr skeringum á skipulagssvæðinu og úr öðrum svæðum við gerð landfyllingar. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að um sé að ræða óvirkt efni sem notað er í landfyllinguna.

Árið 2000 setti Hollustuvernd ríkisins (Umhverfisstofnun) fram leiðbeinandi reglur um meðferð dýpkunarefnis og voru þær uppfærðar af Umhverfisstofnun í desember 2016. Á heimasíðu Umhverfisstofnunar eru hinar leiðbeinandi reglur.¹

Fráveita

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að fjallað er um kröfur um fráveitu fyrir Alcoa Fjarðaáls í starfsleyfi fyrirtækisins.²

Í greinargerð segir að stofnæðar fráveitu, skólps og vatnsveitur séu sýndar til skýringar á deiliskipulagsupprætti. Öll fráveita á svæðinu skal tengd fráveitukerfi.

Umhverfisstofnun telur að það þurfi að fjalla nánar um uppbyggingu fráveitukerfis á svæðinu í tillögunni. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt lögum nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna ber sveitarfélag ábyrgð á uppbyggingu og rekstri fráveitna. Kröfur um hreinsun á fráveituvatni frá bæði dreifbýli og þéttbýli eru settar fram í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp skal veita öllu skólpi minnst 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum enda séu skilyrðin í 6. og 10. gr. uppfyllt. Auk þess er óheimilt að leiða skólp þannig að frárennslisop opnist til hafna.

Lagning sæstrengja og neðansjárleiðslna er háð samþykki Umhverfisstofnunar samkvæmt 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Umhverfisstofnun vekur athygli á að í reglugerð nr. 600/2018 um heimild til lagningar sæstrengja og neðansjárleiðslna eru nánari upplýsingar um málsmeðferðina. Einnig bendir Umhverfisstofnun á að óheimilt er að reka, eiga eða leggja sæstreng eða neðansjárleiðslu án þess að hafa áður fengið til þess þær heimildir sem tilgreindar eru í 4. gr. reglugerðarinnar.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að ofangreint komi fram og að útrás sé sýnd á upprætti.

Þynningarsvæði

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við að varúðarsvæði sé skipulagt á sama svæði og nügildandi þynningarsvæði sbr. skipulagsreglugerð.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

1

https://www.ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Hafogvatn/Leiðbeinandi%20reglur%20um%20meðferð%20dýpkunarefnis_des2016.pdf

² https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Starfsleyfi/Starfsleyfi-i-gildi/alver/Alcoa_Fjardaal_2026.pdf